

Grindavíkurbær  
Ingvar Þór Gunnlaugsson,  
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. mars 2012  
UST20120300014/dg

### Efni: Deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu til umsagnar

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar er barst 1. mars sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag iðnaðarsvæðisins Mölvík í Grindavík ásamt umhverfisskýrslu samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana.

#### Framkvæmdarsvæðið

Ofangreint deiliskipulagssvæði, 52 ha, er skilgreint sem iðnaðarsvæði I8 undir orkuvinnslu og iðnað í tillögu að aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2010-2030, sem nú er í staðfestingarferli. Í inngangi deiliskipulagsins segir: „Á svæðinu er gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi í fremur lágreistri byggð“. Gert er ráð fyrir átta lóðum, fjórar eru hugsaðar fyrir fiskeldi, tvær fyrir landtöku ljósleiðarasætrengs og tvær fyrir aðra starfsemi. Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir iðnað í Grindavík og landtöku sæstrengs. Svæðið skiptist í tvennt, norðan og sunnan Nesvegs. Svæðið sunnan vegar hefur verið mikið raskað vegna aflagðrar starfsemi á svæðinu. Þar við ströndina markast land af grýttum sjávarkambi. Svæði norðan vegar er nokkuð slétt og öraskað.

#### Náttúrumínjar

Svæðið er deiliskipulagstillagan tekur til er að mestu inni á svæði nr. 106 á náttúrumínjaskrá, þar segir: „*Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg, Grindavík, Reykjanesbæ, (áður Hafnahreppur), Gullbringusýslu.* (1) Mörk liggja úr Mölvík, um 2 km austan við Háleyjabungu, í Porbjarnarfell og um Lágar og Vörðugjá í Stapafell. Þaðan bein lína í vestur að eyðibýlinu Eyrarbæ og norðurenda Hafnabergs. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmögum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar .“

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að aðgengi til fuglaskoðunar og útvistar verði ekki skert og þess verði gætt að hindra ekki aðgengi almennings að sjávarbökkum, sbr. 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

## Jarðminjar

Sá hluti svæðisins sem er óraskaður, er að mestu leyti sandorpið hraun en einnig hraunkantar sem mikilvægt er að halda óröskaðum en samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þá eru eldvörp, gervigígar og eldhraun jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í umsögn Umhverfisstofnunar um skipulagslysingu Mölvíkur dags. 26. október 2011, er m.a. bent á mikilvægi þess að halda hrauntjörn og afrennsli hennar óröskaðu. Stofnunin telur mikilvægt, þótt verið sé að framkvæma á áður röskaðum svæðum, að halda náttúruminjum eins óröskaðum sem mögulegt er.

## Mannvirki

Samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins eru húsagerðir frjálsar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar deiliskipulagsins, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal við hönnun mannvirkja gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands. Framkvæmdir hafa oft viðtæk sjónræn áhrif og því æskilegt að hafa innslag mannvirkja í landslag sem minnst. Samkvæmt umhverfisskýrslu er lóðum norðan vegar óráðstafað og vill Umhverfisstofnun benda á að æskilegt væri að framkvæmdir við þessar lóðir s.s. aðkeyrsla og veita, verði ekki hafnar fyrr en búið er að samþykkja áætlaða starfsemi á þeim.

Í umhverfisskýrslu deiliskipulagsins kemur fram að stór hluti svæðisins verði óbyggður. Í tillögu deiliskipulagsins kemur fram að byggð á svæðinu verði fremur lágreist þar kemur einnig fram að nýtingarhlutfall lóða norðan vegar takmarkist við stuðulinn 1.3, með hámarks mænishæð 10 m yfir uppgefnum gólfkóta. Fjöldi bílastæða innan lóðar skuli miðast við að anna riflega þeirri starfsemi sem verður á lóðinni á mestum annatímum. Lóðirnar eru 92.991 m<sup>2</sup> og 87.239 m<sup>2</sup>. Umhverfisstofnun bendir á að hér er mjög hátt nýtingarhlutfall á stórum lóðum og vísar aftur í 35. gr. laga um náttúruvernd þar sem segir að við hönnun mannvirkja skuli gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands.

Samkvæmt skýrslu þá er áætlað að ljósleiðarasætrengurinn verði tekinn á land vestanmegin við hraunbrúnina. Eins og fyrr er getið þá gaf Umhverfisstofnun umsögn um skipulagslysingu Mölvíkur í október 2011 þar sem kom fram að mikilvægt væri að halda hrauntjörn og afrennsli hennar óröskaðu. Samkvæmt deiliskipulagsteikningu er bæði brunnhús og landtökuhús sæstrengs í og við umrætt afrennsli hrauntjarnarinnar. Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til sveitarfélagsins að staðsetning þessara mannvirkja verði endurskoðuð og leitast verði eftir að færa þau vestar nær skilgreindum lóðum og hlífa þá umræddum náttúruminjum og minnka umfang raskaðra svæða. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gengið verði þannig frá að aðgengi almennings til útvistar og fuglaskoðunar verði tryggt meðfram ströndinni.

Að auki bendir Umhverfisstofnun á, að á svæðinu eru lóðir sem ætlaðar eru undir fiskeldi og bendir stofnunin á í því samhengi að samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 þá á öllu skólpi sem veitt er til sjávar að vera veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

## Niðurstaða

Lagt hefur verið fram deiliskipulag fyrir Mölvík í Grindavík ásamt umhverfisskýrslu til umsagnar Umhverfisstofnunar. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir iðnaði á svæðinu. Stór hluti svæðisins er sandorpið hraun og hraunkantar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að raski verði haldið í lágmarki og sérstakt tillit verði tekið til hraunkanta, hrauntjarnar og frárennslis hennar. Umhverfisstofnun bendir á að umrætt svæði er á náttúruminjaskrá og að eldhraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Iðnaðarlóðir á hraunsvæði hafa að

mati Umhverfisstofnunar neikvæð og óafturkræf áhrif í för með sér, og því mikilvægt að þeir sem að framkvæmdum koma séu upplýstir um viðkvæmni svæðisins og hagi verklagi sínu í samræmi við það. Í umhverfisskýrslu er tekið fram að gripið verði til mótvægisáðgerða en ekki kemur fram í hverju þær felast.

Umhverfisstofnun vill ítreka að sveitarfélagið leiti leiða til þess að halda náttúrulegri ásýnd svæðisins og leggur áherslu á að strandlengjan verði aðgengileg almenningi til útivistar og fuglaskoðunar.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis við Mölvík í Grindavík.

Virðingarfyllst



Ádalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

Drifa Gústafsdóttir  
sérfræðingur